

**540. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps
haldinn Strandgötu 38, 11. apríl 2019
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Berglind Eir Egilsdóttir í fjarveru Ingibjargar Óskar Þórhallsdóttur, Ingibjörg Jóna Nóadóttir í fjarveru Guðna J. Ólafssonar og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

Fundargerð ritaði: Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðun, svo er ekki. Einnig óskaði oddviti eftir afbrigði við dagskrá, að liður 4. Verði heimild til sveitarstjóra að staðfesta kaupsamning vegna sölu á íbúð nr. 0202 við Miðtún 2. Sömuleiðis bætist við liður nr. 5 á dagskrá, sölufjerli á íbúð 0201 við Miðtún 2. Samþykkt samhljóða

Aðrir liðir færast niður. Samþykkt samhljóða

1. Fundargerðir 2019 Náttúrustofa Vestfjarða - 1902512

Samþykkt samhljóða

2. Fundargerðir 2019 Hafnasambandi Íslands, - 1901330

Samþykkt samhljóða

3. Fræðslu-,menningar-,íþróttar-, æskulýðsnefnd - 28 - 1903003F

Samþykkt samhljóða

3.1 1903107 - Skóladagatal 2019-2020

Nokkur umræða var um skóladagatalið og hafa kennarar gert nokkrar athugasemdir, til dæmis að flytja starfsdag sem skráður er 9. mars frammar um viku. Jafnvel mætti svo færa starfsdag í janúar fram til 2. janúar en samkvæmt dagatalinu á skóli að byrja 2. janúar.

Nefndin er ekki einhuga hvað varðar vetrarfrí og telur að lengd viðvera þurfi að grípa boltann á þeim dögum, sömuleiðis leggur nefndin til að stefna skuli að lengingu á lengdri viðveru næsta vetur.

Starfsdagur leikskóla sem skráður er 2. júní mætti færa til 15. ágúst.

Nefndin leggur áherslu á að leikskólinn skuli vera opinn á almennum vinnudögum.

Skóladagatalið verður tekið aftur til umræðu og endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi.

- 3.2 1903083 - Styrkur beiðni um styrk vegna Samfés
Nefndin leggur til að styrkur upp á 50.000 vegna Samfés verði samþykktur.
- 3.3 1902560 - Til umsagnar Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur, 255. mál.
Málinu vísað til Velferðarnefndar.
- 3.4 1902558 - Til umsagnar Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um velferðartækni, 296. mál.
Málinu vísað til Velferðarnefndar
- 3.5 1903114 - Stundatöflur 2018-2019
- 3.6 1903013 - Upplýsingar frá íþróttta og tómstundafulltrúa
- 3.7 1903094 - Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurími), 711. mál.

4. Miðtún 2 íbúð 0202 sala eignar - 1903086

Sveitarstjórn samþykkir að selja Freymari Marinóssyni Íbúð nr. 0202 við Miðtún 2, samkvæmt meðfylgjandi kaupsamningi.

Samþykkt samhljóða

5. Miðtún 2 02-01 sölufarli - 1904035

Sveitarstjóri upplýsir sveitarstjórn um að íbúðin sé komin á sölu og þegar hafi borist eitt tilboð sem rennur út 15. apríl. Sveitarstjóra er falið að gera gagntilboð áður en frestur tilboðs rennur út.

samþykkt samhljóða

6. Erindi um hugsanlegt samstarf við bæinn vegna verkefnis hjá Traustur Kjarni - 1904026

Sveitarstjórn lýsir mikilli ánægju með framtakið og er tilbúin til að gerast samstarfsaðili þessa verkefnis, þó með því skilyrði að komi til fjárhagslegra skuldbindinga af hálfu sveitarfélagsins þurfi að semja um það sérstaklega.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, BSHar situr hjá.

7. Þjónustukort Samfellt þjónustukort fyrir allt landið verkefni hjá Byggðastofnun - 1904007

Sveitarstjórn tilnefnir Bjarnveigu Guðbrandsdóttir forstöðumann íþróttahús sem tengilið í verkefninu, sveitarstjóra falið að undirrita samstarfssamning við Byggðastofnun.

Samþykkt samhljóða

8. Beiðni um afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun. - 1903062

Sveitarstjóra er falið að útbúa drög að jafnréttisáætlun og leggja fyrir sveitarstjórn og svara bréfitara.

Samþykkt samhljóða

9. Ársreikningur 2018 - 1902584

Gerð ársreiknings er á lokametrinum og óskar sveitarstjóri eftir að boðað verði til aukafundar í sveitarstjórn kl. 12:00 miðvikudaginn 17. apríl þar sem Haraldur Reynisson mun kynna ársreikninginn.

Lagt er til að fundurinn hefjist kl. 10:00

Samþykkt samhljóða

10. Breyting á nefndarskipan - Velferðarráð - 1904042

Berglind Eir fer í ársleyfi frá setu í Velferðarráði og í hennar stað kemur Helga Birna Berthelsen sem aðalmaður. Varamaður í Velferðarráð verður Sólveig Björk Bjarnadóttir.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, LM situr hjá.

11. Viðauki 2019-1 Bygging öryggisbúða f. aldraða - 1904043

Viðauki 2019-1

Lagt er til að við málaflokk 02 Félagsþjónusta bætist við 1.000.000,- og færist af handbæru fé.

Greinargerð

Hópur sjálfboðaliða í Tálknafjarðarhreppi hafa undanfarna mánuði unnið að undirbúningi á byggingu á dvalarheimili og öryggisbúðum fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu. Í fyrstu umferð er áætlað að byggja 12 öryggisbúðir og sótt hefur verið um stofnframlag frá Íbúðarlánasjóði (mál 1904037). Það mun koma í ljós á næstu vikum hvort umsóknin verður samþykkt.

Leitað hefur verið eftir styrkjum frá fyrirtækjum á svæðinu og hefur Arctic fish undirritað samkomulag (mál 1094036) um 1.000.000 styrk til verkefnisins, fleiri eru í farvatninu.

Leita þarf til ýmissa sérfræðinga til að ýta þessu úr vör, svo sem sérfræðinga í umsóknum og arkitekta og þess vegna er ofangreindur viðauki lagður til.

Bókun E-lista vegna fjármagns í byggingar öryggisbúða.

E-listinn er algjörlega á móti þessum viðauka og mótmælir harðlega úthlutun fjármagns til byggingar öryggisbúða eins og meirihluti sveitarstjórnar leggur til. Þessi sami meirihluti tilkynnti síðastliðið sumar að fjármagn færi ekki úr sjóðum sveitarfélagsins til byggingar dvalarheimilis sem nú er orðið að öryggisbúðum. Það er ekki nóg með meirihlutinn svíki eigin loforð í þessum málaflokki heldur vogar hann sér að ætla að leggja fram fjármagn úr sveitarsjóði þegar vitað er að þar er ekkert fjármagn til viðbótarráðstöfunar. Í des. 2018 var fjárhagsáætlun 2019 samþykkt með 300.000.- kr afgangi og með handbært fé frá rekstri í algjöru lágmarki. Í þessari sömu áætlun er margtekið fram að brýnt sé að lækka kostnað eða auka tekjur auk þess sem mikil óvissa sé í áætluninni með marga liði. Að leggja til fjármagn í þetta gæluverkefni meirihlutans er algjörlega galið við þessar rekstrarástæður og afar óaþbyrg aðgerð þegar vitað er að eftirlitsnefnd sveitarfélaga fylgist grannt með rekstri sveitarfélagsins og fjármálum þess og mörg dýr og mjög brýn verkefni bíða eftir úrlausnum sveitarstjórnar.

Listi óháðra tekur fundarhlé

Bjarnveig Guðbrandsdóttir leggur fram eftirfarandi bókun fyrir hönd lista óháðra:

Undirritaðir fulltrúar lista óháðra í sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps ítreka þá skoðun sína að hverju sveitarfélagi beri að sinna þörfum allra íbúa eftir bestu getu, á öllum æviskeiðum. Áhersla lista óháðra í málefnum aldraðra var skýr í kosningabaráttunni og er fyrsta skrefið að byggja öryggisíbúðir. Næstu skref munu felast í byggingu þjónustukjarna sem nýtist bæði íbúðum aldraðra og Tálknafjarðarskóla og vonandi í framhaldinu verður byggt dvalarheimili.

Við mótmælum því að uppbygging þjónustu fyrir aldraða sé kallað sérstakt gæluverkefni, það er einfaldlega verkefni sveitarfélaga að sinna öllum sínum íbúum. Sömuleiðis er rangt farið með í bókun E-listans um að meirihluti sveitarstjórnar hafi lofað að engum fjármunum yrði veitt í verkefnið, aðeins var lofað að undirbúningshópurinn tæki ekki laun fyrir störf sín, við það er staðið.

Með þessu verkefni viljum efla Tálknafjörð.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. LM greiðir atkvæði á móti.

12. Umsókn um stofnframlag - 1904037

Samþykkt með fjórum atkvæðum. LM greiðir atkvæði á móti.

13. Ósk um samstarf-Íbúðarhúsnæði fyrir þitt sveitarfélag - 1903054

14. Styrktarsamningur dvalarheimili Arctic - 1904036

Sveitarstjórn þakkar Arctic fish rausnarlegt framlag til þessa verkefnis.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, LM greiðir atkvæði á móti.

15. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453

Upplýsingagjöf sveitarstjóra 11. apríl 2019

Fundir

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga.

Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.

Fundur um launamál með Hjallastefnu, Krístrún mætti með mér.

Fundur vegna sögusýningar um Tálknafjarðarhrepp.

Stutt námskeið hjá Wise vegna fjárhagsáætlana.

Fundur með Lífeyrissjóðnum Brú og Sambandi ísl. sveitarfélaga vegna lífeyrismála Hjallastefnunnar.

Fundur með lögfræðingi Arctic fish.

Ótal fundir og samtöl vegna skólamála.

Að venju vikulegir fundir með Oddvita og við hafa svo bæst nokkrir fundir með formanni fræðslunefndar og félagsmálastjóra.

Fundur með öllum starfsmönnum félagsmálasviðs.

Fundur með Motus.

Íbúafundur og fundur með sveitarstjórn vegna aðalskipulags.

Uppskeruhátíð UMFT og héraðsþing HHF.

Verkefni frá síðasta fundi sem ekki eru komin í farveg.

Ráða hafnarvörð ? ekki búið að skrifa undir en vonandi í höfn.

Vinna í lífeyrismálum vegna Hjallastefnunnar ? Er í vinnslu, verið að vinna í sameiginlegri niðurstöðu þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga, hef farið fram á milligöngu Samb. ísl. sveitarfélag í málinu.

Búin að funda með Brú og Sambandinu en að öðru leyti litið gerst frá síðasta fundi.

Undirbúa lokauppgjör ársreiknings 2018. Koma áætlun 2019 inn í kerfið og lagfæra áætlun 2018 ? er í farvegi. Endurskoðendur munu mæta á skrifstofuna 20. ? 22. mars og til stendur að ljúka við ársuppgjör 2018.

Endurskoðendur mættu á tilsettum tíma og vinna hörðum höndum að ársreikningi.

Auglýsa Bugatún grunn, Brekku og Valhöll.

Grunnurinn í Bugatúni er komin á sölu, eftir að klára Brekku og Valhöll.

Þjóða út vinnu við grænu svæðin ?

Útboðsgögn eru í yfirlestri hjá Jóhanni.

Framkvæmdir við fráveitu á höfninni ?

Búið að auglýsa útboð vegna þess hluta sem var í fjárhagsáætlun.

Ráða skólastjóra og vera afleysingaskólastjóra innan handar fram á vor.

Tveir umsækjendur voru um skólastjórastöðuna, viðtöl hefst 12. apríl.

Klára að koma innra rekstrareftirliti í farveg.

Er er í vinnslu, hluti af því var stutt námskeið hjá Wise.

Ný verkefni framundan:

Vinna húsnæðisstefnu fyrir sveitarfélagið.

30. apríl er ársfundur Landverndar, tel mikilvægt að mæta þar. Nýti daginn líka í að mæta á málþing á vegum Verkis um úrgangsstjórnun.

2.- 3. maí er bæjar- og sveitarstjóramót í Hveragerði.

8. maí er námskeið í upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum sem ég myndi vilja fara á, námskeiðið er á Ísafirði.

9. maí sveitarstjórnarfundur.

10. maí ársfundadagur á Ísafirði.

15.-16. maí heimsækir Hafnarsambandið Vestfirði.

21. maí er vinnustofa á Ísafirði á vegum mengunarvarnaráði hafna. Mun mæta þar ásamt nýjum hafnarverði.

Annað

Lausafjárstaða: 39.796.168

Óleyst mál í málakerfi: 856

Sveitarstjórnarmönnum boðið að vera við hátíðarsprengingu við gegnumbrot í Dýrafjarðargöngum, miðvikudaginn 17. apríl kl. 14:00

Kalla þurfti til dælubíl vegna stíflu í fráveitulögnum, tækifærið notað og hreinsað víða.

Kvartað hefur verið yfir þrýstingi á neysluvatni og að öllum líkindum þarf að skoða vatnsból, reiknað er með að fara í þau mál strax eftir páska.

Söguverkefni í farvatninu. Hópur fólks hefur tekið sig saman og safnar nú myndum og fróðleik um sögu sveitarfélagsins. Nánari upplýsingar verða lagðar fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Atvinnumál.

Eins og fram kom á fundi atvinnu- og hafnarnefndar í lok janúar er atvinnuástand á Tálknafirði með allra besta móti ef skoðaðar eru tölur frá síðustu aldamótum. Nánar má skoða það í meðfylgjandi excel skjali. En þrátt fyrir að atvinnutekjur á Tálknafirði teljist með hæsta móti ef miðað er við vestfirsk sveitarfélög hefur gengið illa að ráða fólk til starfa. Sveitarfélaginu hefur ekki tekist að fá flokkstjóra í unglíngavinnu fyrir sumarið og enn hefur ekki tekist að manna tjaldsvæðið. Tvær umsóknir komu um starf hafnarvarðar og tvær um stöðu skólustjóra og verður vonandi gengið frá ráðningu í þær stöður. Nú liggur fyrir að starfsmaður í áhaldahúsi verður í fæðingarorlofi í allt sumar og auglýsa þarf eftir staðgengli í það starf, hugsanlega má tengja það við stjórnun unglíngavinnu. Í versta falli verður ekki hægt að bjóða upp á unglíngavinnu í sumar og þjónusta áhaldahúss í skötulíki.

Stóru fiskeldisfyrirtækin auglýsa ítrekað eftir starfsfólki.

Trésmiðjan okkar hefur nú fengið nýjan eiganda svo íbúar geta áfram gengið að þeirri góðu þjónustu sem þar hefur verið í boði. Allir starfsmenn trésmiðjunnar sem hafa fengið uppsagnabréf á þessu ári, eftir því sem best er vitað, eru komnir í vinnu, hjá trésmiðjunni eða hjá öðrum fyrirtækjum.

Það er lúxusvandamál að hafa næg störf í boði og því vert að íhuga hvað veldur því að ekki fæst til okkar fólk. Í fyrsta lagi er lítið um húsnæði en það er landlægt vandamál, bygging öryggisíbúða fyrir eldri borgara getur liðkað talsvert fyrir en einboðið að fara þarf í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í þorpinu. Yfirvofandi lokun fiskeldisfyrirtækja heldur sveitarfélaginu í heljargreipum og mjög erfitt að fara í allsherjar uppbyggingu meðan það ástand varir. Um leið og úr þeim málum leysist má hefja uppbyggingu og mikilvægt að við verðum tilbúin þegar þar að kemur.

16. Bókun stjórnar sambandsins vegna áforma fjármálaráðherra að skerða tekjur jöfnunarsjóðs og mat á áhrifum á einstök sveitarfélög - 1903058

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir bókun Sambands ísl. sveitarfélaga vegna áforma um skerðingu á tekjum sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða

17. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk 2019 - 1904032

18. Fjárfestingar 2019 Almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög - 1903069

19. Tekjur og framlög jöfnunarsjóðs 2019 - 1903096

20. Félagsskýrslur sveitarfélaga - Málefni fatlaðra - Hagstofa Íslands - 1902592

21. Til umsagnar frumvarp til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, 710. mál. - 1903084

Umsögn Tálknafjarðarhrepps

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps fagnar þeim markmiðum sem frumvarpinu er ætlað að ná fram, að tryggja betri stöðuleika í rekstrarskilyrðum fyrirtækja í fiskeldi og auka gegnsæi í fiskeldi og einnig þeim markmiðum frumvarpsins um að efla stjórnsýslu og auka eftirlit með fiskeldi þannig að vernd og sjálfbærni í nýtingu auðlinda og náttúrugæða verði betur tryggð. Jafnframt gerir sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Hvað varðar fyrstu grein sem fjallar um gjaldskyldu er einboðið að svokölluð fiskirækt eða seiðaeldi og sleppingar í stangveiðiár landsins verið tekið með í þessi lög. Stangveiði er mikilvæg og stór atvinnugrein sem þó skilar litlu í sameiginlega sjóði, það er stigsmunur en ekki eðli á fiskeldi og fiskirækt og nýtingin á náttúruauðlindum sambærileg. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur því til að inn í fyrstu grein frumvarpsins verði bætt gjaldskylda fiskiræktar og að setningin "Til gjaldstofns telst ekki eldisframleiðsla sem ?? við stendur eða í ferskvatni" verði felld niður. Um leið er sjálfsagt að breyta heiti lagafrumvarpsins og fella niður "í sjó" í undirtitli þess. Sömuleiðis að aðlaga önnur ákvæði svo sem eins og um gjaldstofna o.s.frv.

Í grein 7. er fjallað um stofnun fiskeldissjóð sem samkvæmt frumvarpinu hefur það

hlutverk að "styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum". Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að einungis þriðjungur af innheimtu gjaldsins renni til sjóðsins og þar með til uppbyggingar innviða. Þessu mótmælir sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps harðlega og krefst þess að þetta hlutfall verði hagastæðara sveitarfélögum. Í greinargerðinni kemur fram að samskonar fyrirkomulag sé við lýði í Noregi en þar rennur 87,5% til sveitarfélaga og 12,5% til fylkisstjórna. Þau sveitarfélög hér á landi sem nú hýsa þessa nýju atvinnugrein hafa lifað mörg mögur ár og innviðir þarfnast uppfærslu og viðhalds, til dæmis hafa hafnir víða um landi verið í viðhaldssvælti en til að geta þjónað fiskeldi í sjó þarf öflug hafnarmannvirki.

Samþykkt samhljóða

22. **Tillaga um breytt ákvæði í frumvarpi til umferðarlaga um hámarkshraða á þjóðvegum - 1903047**
23. **Tilmæli vegna skjalavörslu og skjalastjórnar sveitarstjórnarskrifstofunnar - 1904028**
24. **Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurími), 711. mál. - 1903094**
25. **Hækkun á hámkarksbyggingarkostnaði og fleiri breytingar á reglugerð nr. 5552016 - 1903042**
26. **Yfirlýsing frá sambandinu í tengslum við lífskjarasamninga 2019-2022 - 1904023**
27. **Áfallasaga kvenna - vísindarannsókn Háskóla Íslands - 1904038**
28. **Til umsagnar frumvarp til laga um dýrasjúkdóma o.fl. (innflutningur búfjárafurða), 766. mál. - 1904030**
29. **Vatnsgæði neysluvatnssýni 2019 - 1903051**
30. **Styrktatsjóður EBÍ 2019 Brunabótafélag Ísland - 1904018**
31. **Ársreikningur 2018 hafnasambandsins - 1903109**

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Berglind Eir Egilsdóttir

Ingibjörg Jóna Nóadóttir

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Bryndís Sigurðardóttir